

lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 29/1902:

Réttvísni

gegn

Nikulási Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 12. sept. þ. á., var hinn ákærði Nikulás Guðmundsson frá Bólstaðarhlíð dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkv. 232. gr. 1. másl. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til verjanda síns í hér-aði, cand. Gríms Jónssonar, 8 kr., en dómi þessum er eftir ósk ákærða skotið til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með játning ákærða og öðrum skýrslum, að hann stal 8. apríl þ. á. sjóbrók, sem metin hefir verið 9 kr. virði, úr geymsluhúsi við eina sjóbúðina í Hnífsdal. Var brókin geymd upp á lofti í geymsluhúsinu, en húsið var óaflæst, hurðin að eins lögð aftur, hespan niðurhangandi, og hengilásnum smeygt í kenginn í dyrustafnum. Brókinni hefir óskemdri verið skil- að aftur eigandanum.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir honum áður verið refsað 5 sinnum, nefnil. 1, samkv. aukaréttardómi Húnavatns-sýslu 23. jan. 1861 með 20 vandarhöggum, fyrir

þjófnað; 2, samkv. yfirréttardómi 5. jan. 1874 með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir þjófnað og heimildarlausu brúkun á aunara eign; 3, samkv. aukaréttardómi Húnavatnssýslu 11. apr. 1882, með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir þjófnað; 4, samkv. yfirréttardómi 14. apríl 1890 með 20 kr. sekt til landssjóðs, fyrir heimildarlausu brúkun á hrossi; 5, samkv. hæstaréttardómi 9. apríl 1897, með 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir stórþjófnað.

Það verður eigi álitid eftir skýrslum málsins, að ákærði, eins og hann hefir viljað halda fram, hafi verið drukkinn, er hann framdi þjófnaðinn, og um sálarástand hans, sem áður hefir verið talið óheilt með köflum, hefir hlutadeigandi héraðslæknir, sem hefir rannsakað hann tvisvar sinnum, vottað, að eigi verði sagt, að það sé neitt verulega frábrugðið því, sem gjörist á heilbrigðum mönnum.

Afbrot ákærða er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 232. gr., 1. másl., alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin af honum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnadarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Nikulás Guðmundsson greiði og áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 15/1902:

Skafti Jósefsson

gegn

Þorsteini Gíslasyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skafti Jósefsson á Seyðisfirði, höfðaði mál þetta í héraði á hendur hinum stefnda, ritstjóra Þorsteini Gíslasyni, fyrir ærumeidandi ummæli í grein einni fyrirsagnarlausri í blaðinu »Bjarka« 6. árg. 3. tölubl., sem kom út 25. jan. 1901, en af sinni hálfu höfðaði Þorsteinn Gíslason gagnsök á hendur Skafta Jósefssyni fyrir ýms ærumeidandi ummæli í greinum í blaðinu »Austra«, nefnil. í tölubl. 26., 32., 34. og 46. árið 1900 og tölubl. 2. og 3. árið 1901, en áfrýjandi er ritstjóri blaðsins »Austra« og stefndi ritstjóri blaðsins »Bjarka«, og koma blöð þessi bæði út á Seyðisfirði. Málum þessum var ráðið til lykta með aukaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 15. febr. 1902, á þá leið, að sækjandi og stefndi